

## AUGLÝSING

### frá ríkisskattstjóra um skil og skilamáta á FATCA upplýsingum á árinu 2016 vegna tilkynningaskyldra bandarískra reikninga.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að tilkynningaskyldar íslenskar fjármálastofnanir, sbr. o-lið 1. tölul. 1. gr. FATCA samnings Íslands og Bandaríkjanna, sbr. auglýsingur nr. 4/2015 í C-deild Stjórnaðiðinda, skulu skila upplýsingum til ríkisskattstjóra í samræmi við ákvæði FATCA samningsins eins og nánar er tilgreint í þessari auglýsingu eigi síðar en *31. maí 2016*.

Upplýsingunum skal skilað rafraent samkvæmt lýsingu á vef ríkisskattstjóra á slóðinni: <https://www.rsk.is/fagadilar/hugbunadarhus/framtalsgogn/>.

1. *Tilkynningaskylda um reikninga bandarískra aðila (innlánsreikninga, vörslureikninga, våtryggingsamninga að tilteknu peningavirði og lifeyrissamninga).*  
Skila skal eftirfarandi upplýsingum um innlánsreikninga í eigu einstaklinga og lögaðila ef áreiðanleikakönnun, sbr. tilvitnaðan FATCA samning milli Íslands og Bandaríkjanna leiðir í ljós að reikningshafi sé bandarískur aðili:
  - a) nafn, heimilisfang og bandaríkska skattkennitölu sérhvers tilgreinds bandaríksks einstaklings sem á eða fer með tilkynningaskyldan reikning,
  - b) nafn, heimilisfang og bandaríkska skattkennitölu sérhvers tilgreinds bandaríksks lögaðila sem er á eða fer með tilkynningaskyldan reikning,
  - c) reikningsnúmer eða ígildi þess,
  - d) heildarfjárhæð greiddra vaxta á árinu 2015,
  - e) reikningsstöðu í árslok 2015.
2. *Innlánsreikningar.*  
Ef um tilkynningaskyldan innlánsreikning er að ræða skal enn fremur veita upplýsingar um heildarfjárhæð þeirra vaxta sem voru greiddir eða tekjfærðir á reikninginn á árinu 2015.
3. *Vörslureikningar.*  
Ef um tilkynningaskyldan vörslureikning er að ræða skal enn fremur veita eftirfarandi upplýsingar:
  - a) heildarfjárhæð þeirra vaxta sem voru greiddir eða tekjfærðir á reikninginn á árinu 2015,
  - b) heildarfjárhæð arðs sem var greiddur eða tekjfærður á reikninginn á árinu 2015,
  - c) heildarfjárhæð annarra tekna sem voru greiddar eða tekjfærðar á reikninginn á árinu 2015, þó ekki söluhagnað.
4. *Stjórnandi aðilar.*  
Skila skal upplýsingum um nöfn, heimilisföng og bandarískar skattkennitölu bandarískra aðila sem teljast stjórnandi aðilar í lögaðilum sem ekki eru bandarískir aðilar ef slíkir lögaðilar eru reikningshafar í íslenskum tilkynningaskyldum fjármálastofnunum.
5. *Óvirkir erlendir lögaðilar sem eru ekki fjármálastofnanir (e. Passive NFFE), sbr. 3. tölul. B-liðar kafla VI í I. viðauka við FATCA samning Íslands og Bandaríkjanna.*  
Sé reikningshafi óvirkur erlendur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun skal veita upplýsingar um nöfn, heimilisföng og bandarískar skattkennitölu þeirra eigenda lögaðilans sem teljast bandarískir aðilar.
6. *Andstöðureikningar (e. Recalcitrant Accounts), sbr. 2. tölul. 4. gr. FATCA samnings Íslands og Bandaríkjanna.*  
Veiti reikningshafi ekki nauðsynlegar upplýsingar um mögulega skattskyldu sína í Bandaríkjunum skal tilkynningaskyld fjármálastofnun fara með reikning hans sem andstöðureikning og veita jafnframt allar nauðsynlegar upplýsingar, sbr. tölul. 1-5 hér að framan.

Nr. 243

18. mars 2016

7. *Núllskýrslur.*

Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir sem ekki hafa neina reikninga í eigu eða umráðum bandarískra aðila skulu skila núllskýrslum til ríkisskattstjóra í samræmi við skilalýsingu.

Ef skilað er röngum eða gölluðum upplýsingum, eða ef þær eru á annan hátt ekki samkvæmt skilalýsingu, þarf tilkynningaskylda fjármálastofnunin, eftir atvikum, að greiða þann kostnað sem af því kann að hljótast.

Allar fyrirspurnir um FATCA gagnaskil má senda á netfangið: [gagnaskil@rsk.is](mailto:gagnaskil@rsk.is).

Auglýsing þessi er birt samkvæmt 92., 93. og 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 18. mars 2016.*

**Skúli Eggert Þórðarson** ríkisskattstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. mars 2016